

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 673/1996,
sbr. reglugerð nr. 313/1997, um gjöld fyrir einkaleyfi,
vörumerki, hönnun o.fl.

1. gr.

4. tl. 4. gr. orðist svo:
Staðfest afrit af skjölum skv. 2. og 3. tl., m.a. forgangsréttarskjöl Kr.
2.500

2. gr.

14. gr. orðist svo:
Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 17/1991, 63.
og 65. gr. laga nr. 45/1997 og 30. gr. laga nr. 48/1993..... 80.000
Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.

3. gr.

Staflíður c) í 16. gr. orðist svo:
Sérít 1994-1996, hvert eintak 2.500

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi með síðari breytingum, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki og 40. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd, og öðlast gildi 1. janúar 1998.

Iðnaðarráðuneytinu, 17. október 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 604

28. október 1997

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Selfossveitna bs. til að taka gildi 1. nóvember 1997.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583 13. október 1997:	
Orkugjald taxta A1 verður	6,48 kr/kWh
Fastagjald taxta A1 verður	2.831,00 kr/ár
Orkugjald taxta A2 verður	6,48 kr/kWh
Orkugjald taxta A3 verður	6,48 kr/kWh
Aflgjald taxta B1 verður	10.049,00 kr/kW/ár

Iðnaðarráðuneytinu, 28. október 1997.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.